

Ályktanir aðalfundar Skógræktarfélagss Íslands 2018

1. Skógargötur 2018-2028

Aðalfundur Skógræktarfélagss Íslands, haldinn á Hellu 31. ágúst til 2. september 2018, skorar á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að samþykkja á þessu fjárlagaári fjárveitingu til tíu ára í þágu verkefnisins Skógargötur 2018-2028.

2. Skógminjasafn Íslands

Aðalfundur Skógræktarfélagss Íslands, haldinn á Hellu 31. ágúst til 2. september 2018, samþykkir að undirbúa stofnun Skógminjasafns Íslands. Jafnframt samþykkir fundurinn að beina því til stjórnar félagsins að kanna möguleika á að undirbúa í samráði við stjórnvöld Miðstöð skógræktar á Íslandi.

3. Græni stígurinn ofan höfuðborgarsvæðisins

Aðalfundur Skógræktarfélagss Íslands, haldinn á Hellu 31. ágúst til 2. september 2018, hvetur stjórn Skógræktarfélagss Íslands til að þrýsta á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að hefja framkvæmdir við Græna stíginn í áföngum sem fyrst. Mikilvægt er að koma fyrstu áföngum á fjárhagsáætlun næsta árs 2019, en áætlanagerðir eru í vinnslu á haustin. Jafnframt að stjórn Skógræktarfélagss Íslands verði í góðu sambandi við stjórn Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að fylgja málinu eftir, enda um mikilvæga samgöngubót gangandi sem hjólandi milli bæjarfélaganna líkt og bláþráðurinn með ströndinni gerir.